

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. ágúst 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-25/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreiðinni xx-000, sem hann keypti af Y, hér eftir nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði helming kostnaðar vegna viðgerðar á vél bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 20. apríl sl. gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau þann 8. maí. Með bréfi, dags. 9. maí var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 24. sama mánaðar. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 8. nóvember 2011, er bifreiðin xx-000 af gerðinni Toyota Avensis S/D SOL, árgerð 2004 og nýskráð 19. nóvember 2004 og því rétt tæplega sjö ára gömul þegar kaupin fóru fram. Kaupverð var kr. 1.500.000 og við kaupin var bifreiðin ekin 76.765 km.

Í álitsbeiðni kemur fram að vél bifreiðarinnar hafi brætt úr sér, en af álitsbeiðni verður ráðið að það hafi gerst í lok marsmánaðar þegar bifreiðin hafi verið ekin um 80.000 km. Þá kemur fram, stutt reikningi, dags. 12. apríl sl., frá bifreiðaumboði, að skipt hafi verið um vél í bifreiðinni og að vélaskiptin hafi kostað kr. 433.084. Álitsbeiðandi telur óeðlilegt að vél sem er jafn lítið ekin endist ekki lengur, ekki hafi vantað olíu á vélina, né verið komið að olíuskiptum. Þá telur álitsbeiðandi að hann hafi ekki haft möguleika á að verða var við ástand vélarinnar við kaupin og gerir þá kröfu að seljandi greiði helming af viðgerðarkostnaði.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að hún hafi keypt bifreiðina notaða í mars 2011 og selt hana til álitsbeiðanda 8 mánuðum síðar. Segir seljandi bifreiðina hafa verið í góðu ástandi á meðan hún var í hennar eigu og ekki hafi komið nein vandamál né bilanir. Þá segir að kaupandi hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar við kaupin og að fjórir og hálfur mánuður hafi liðið frá kaupunum og þar til bifreiðin bilaði. Ekki hafi verið sýnt fram á hver orsök bilunarinnar er, einungis hafi komið fram að vél bifreiðarinnar sé föst, ekki hvers vegna svo sé. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að bilun bifreiðarinnar megi rekja til vanrækslu seljanda né galla sem seljandi vissi af, eða mátti vita af. Þá hafi heldur ekki verið sýnt fram á að ekki megi rekja bilunina til álitsbeiðanda eða viðhalds hans á bifreiðinni. Er og öllum kröfum álitsbeiðanda hafnað.

V

Athugun kærufndarinnar

Kærufndin setti sig í samband við verkstæði umboðsaðila bifreiðarinnar sem sá um vélarskiptin. Í tölvubréfi frá starfsmanni verkstæðisins segir m.a. eftirfarandi:

„Bifreiðin xx-000 er færð á verkstæði Z með eftirfarandi athugasemd : Olíuljós logar í mælaborði – drepur á sér.

Þegar farið er að bilanagreina hvað það er sem hrjáir bifreiðina þá er fyrst skoðað hvort olía sé á vélinni þar sem athugasemd sagði að olíuljós logar í mælaborði en engin olía mældist á olíukvarða svo bætt var olíu á vél til að óhætt væri að gangsetja vélina til að framkvæma frumbilanagreiningu.

Það liggur ekki fyrir hve mikið vantaði af olíu á vélina og er ekki skráð hve mikið vantaði á vélina af olíu.

Vél er svo gangsett og þá er glamur í vél sem bendir til að vél úrbrædd.

Líklegt verður að teljast að vél hafi brætt úr sér vegna olíuleysis en þar sem farið var í að setja notaða vél í bifreiðina þá var vél ekki opnuð né skoðuð frekar.

Vél sem tekin var úr xx-000 var síðan sótt af eiganda þannig að ekki er möguleiki fyrir okkur að skoða það nánar.“

VI

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en umboðsmaður seljanda, A, hefur atvinnu sína af sölu.

Við afgreiðslu málsins hefur kærufndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina sem ágreiningur aðila stendur um 8. nóvember 2011. Bifreiðin var nýskráð 19. nóvember 2004 og var því rétt tæplega sjö ára þegar kaupin fóru fram og hafði verið ekið 76.765 km. Samkvæmt gögnum máls var skipt um vél í bifreiðinni þann 2. apríl, en þá hafði álitsbeiðandi átt bifreiðina í tæpa 5 mánuði. Álitsbeiðandi virðist hafa, án ástæðulauss dráttar kvartað undan galla á bifreiðinni við seljanda og óskað eftir því að hún bæri helming kostnaðar við vélarskiptin, en þann kostnað greiddi álitsbeiðandi að fullu skv. reikning dags. þann 12. apríl. Hafði bifreiðin einungis verið ekin rétt rúmlega 80.000 km. þegar vélarskiptin fóru fram, þ.e. rétt rúma 3.000 km. frá kaupum.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 8. nóvember 2011, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Vegna laga um neytendakaup nr. 48/2003 er bent á að bifreiðasalinn er aðeins milliliður í viðskiptunum og er ekki samábyrgur seljandanum vegna skyldna hans.“ Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

17. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“.* Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Í b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. laganna segir síðan:

b. seljandi hefur við kaupun vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupun;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupun eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupun;

Þá segir í 3. mgr. 16. gr. laganna að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupun voru gerð. Þetta ákvæði laganna leggur kaupanda á herðar ákveðna skyldu til þess að skoða söluhlut áður en kaup fara fram.

Samkvæmt upplýsingum sem kærunefndin hefur aflað sér hrjáir nokkuð algengur framleiðslugalli bifreiðar af þeirri gerð sem hér um ræðir. Felst sá galli í því að vél bifreiðanna brennir olíu hraðar en eðlilegt getur talist m.v. aldur bifreiðanna og ekna kílómetra. Samkvæmt þeim upplýsingum sem kærunefndin aflaði frá verkstæðinu sem framkvæmdi vélaskiptin, var vél bifreiðarinnar olíulítill þegar komið var með hana til viðgerðar.

Ekkert liggur fyrir um það hvort ástandsskoðun hafi farið fram á bifreiðinni, en kærunefndin telur afar ólíklegt að þeir meinbugir sem líklegast voru á vél bifreiðarinnar hefðu sést við slíka skoðun.

Eins og fyrr segir liðu um 5 mánuðir frá kaupum og þar til vél bifreiðarinnar var metin ónýtt. Skv. 2. mgr. 18. gr. laganna skal galli sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til neytanda, teljast hafa verið til staðar við áhættuflutning, þ.e. í þessu tilviki við sölu, ef annað sannast ekki. Eins og fyrr er rakið má rekja það að vél bifreiðarinnar hafi eyðilagst, til þess að á hana vantaði smurolíu sem aftur bendir til þess að vél bifreiðarinnar hafi brennt smurolíu óvenju hratt. Samkvæmt ofansögðu er það því álit kærunefndarinnar að vélin hafi þegar verið haldin þessum galla við kaupun og að því hafi bifreiðin, við kaupun, verið í verra ástandi en kaupandi hafði ástæðu til að ætla, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og því gölluð í skilningi þeirra laga.

Kærunefndin vill þó taka fram að ekki er ástæða til þess að ætla að seljanda hafi verið kunnugt um að vélin brenndi olíu óvenju hratt þegar salan fór fram.

Hins vegar er það mat kærunefndarinnar að olíubrunanum einum og sér verði ekki kennt um að skipta þurfti um vél bifreiðarinnar, heldur verði einnig að líta til þess að kaupandi virðist ekki hafa hirt um að kanna hvort næg olía væri á vél bifreiðarinnar eftir kaupun. Því sé ekki hægt að fallast á að það að vél bifreiðarinnar hafi eyðilagst verði einungis rakið til þess að vélin brenndi olíu, heldur verði einnig að líta til þess að álitsbeiðandi virðist ekki hafa sinnt því að kanna smurolíustöðu á vél bifreiðarinnar og komist þannig hjá því að afleiðingar smurolíubrunans yrðu jafn alvarlegar og raun bar vitni. Verður því að meta tjón kaupanda með hliðsjónar af þessu.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33.

gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Kröfu álitsbeiðanda verður að líta á sem skaðabótakröfu og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur vegna galla á vél bifreiðarinnar og þykir krafa um greiðslu helmings af viðgerðarkostnaði hæfileg.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda Y, kr. 216.500.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir